

Aukaaðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands 5. ágúst 2026.

Haldinn á Hótel Hamri kl. 11.30

Fundinn sátu fulltrúar og kjörmenn allra aðildarsveitarfélaga, nema Kjósarhrepps og fulltrúar frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands ásamt fulltrúa Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Aðildarsveitarfélög eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja-og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Kjörbréf frá Sveitarfélögunum: Akraneskaupstaður; Ragnar B. Sæmundssen, Grundarfjörður; Ágústa Einarsdóttir, Sveitarfélagið Stykkishólmur; Jakob Björgvin S. Jakobsson, Borgarbyggð; Unnur Brá Konráðsdóttir, Dalabyggð; Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Hvalfjarðarsveit Bjarki Björn Bjarnason,

Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og sjálfum sér sem fundarritara. *Samþykkt.*

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins á þessum tímapunkti. Á aðalfundi Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, sem haldinn var 25. mars sl. láðist að taka fyrir kosningu heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktum. Fundur þessi var því haldinn til að ljúka þeirri afgreiðslu. Fundarstjóri óskaði eftir því að fundarmenn gerðu athugasemdir ef þeir teldu annmarka vera á fundarboði eða lögmæti fundarins, eða hvort fundarmenn teldu fundartímann hafa áhrif á lögmæti fundarins. Engar athugasemdir eða andmæli komu fram og var fundurinn því talinn löglega boðaður og bær til að taka ákvarðanir um þau mál sem á dagskrá voru. Fundarmenn samþykktu samhljóða að taka fyrir þau mál sem á dagskrá voru, þar á meðal kosningu heilbrigðisnefndar.

Dagskrá:

1. Kjöri í heilbrigðisnefnd Vesturlands

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu fyrir aðalmenn Heilbrigðisnefndar Vesturlands:

- Arney Þyrí Guðjónsdóttir, Hvalfjarðarsveit
- Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbær
- Ágústa Einarsdóttir, Grundarfjörður
- Karl Jóhann Haagensen, Akranes

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

- Sigrún Ólafsdóttir, Borgarbyggð
- Samþykkt samhljóða*

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir tillögu fyrir varamenn:

- Inga María Sigurðardóttir, Hvalfjarðarsveit
- Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Snæfellsbær
- Bjarni Sigurbjörnsson, Grundarfjörður
- Magni Grétarsson, Akranes
- Kristján Ágúst Magnússon, Borgarbyggð

Samþykkt samhljóða

Kynntur var fulltrúi fyrir náttúruverndarnefndir sveitarfélaga skipaður af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Aðalmaður Skjöldur Orri Skjaldarson og Bjarnheiður Jóhannesdóttir til vara.

Fulltrúi Samtaka atvinnulífs er Trausti Gylfason og til vara Sigríður Margrét Guðmundsdóttir.

Fundarstjóri þakkaði fráfarandi nefnd fyrir sín störf og óskaði nýju nefndarfólk velfarnaðar í störfum.

2. Önnur mál

Breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins og þau verkefni sem liggja fyrir til áramóta, hvað gerist um áramót og mögulega hvað stendur eftir áramót. Þá kynnti hann einnig þau verkefni sem munu standa eftir hjá sveitarfélögum og hvatti til þess að sveitarfélög hefðu sem mest samstarf og samráð um þau.

Unnur Brá, Jakob, Ragnar, Páll og Auður tóku til máls.

Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að taka saman minnisblað um hvaða verkefni væru auðleyst innan sveitarfélaga og hvaða verkefni væri gott fyrir sveitarfélögin að vera í samvinnu við.

Kristinn Hallur fráfarandi formaður þakkaði fundarmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýju nefndarfólki velfarnaðar.

Fundarstjóri þakkað fundarfólki fyrir komuna og sleit fundi kl. 13.50.

